

Miðvikudaginn 16. maí 1973.

Nr. 149/1972: **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson settur saksóknari
ríkisins)

gegn

Guðfinni Birki Antonssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjárdráttur. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar:

Áfrýjað er dómum sakadóms Reykjavíkur frá 8. ágúst 1972 og 16. október sama ár á hendur ákærða. Brot það, sem ákærði er dæmdur fyrir í síðara dómi, framdi hann hinn 25. júlí 1972 og því áður en fyrri dómur gekk. Var ákærða dæmd sakaukarefsing fyrir það brot. Þar sem svo stendur á, ber að sameina mál þessi í Hæstarétti.

Sannað er, að ákærði framdi brot þau, sem hann er sóttur til sakar fyrir. Eru brotin réttilega færð til refsíákvæða í hinum áfrýjuðu dómum. Fallast ber á úrlausn héraðsdómara, að ákærði sé sakhæfur. Þykir refsing ákærða fyrir brot þessi hæfilega ákveðin með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 12 mánaða fangelsi. Úrlausn héraðsdómara um frádrátt gæzluvarðhaldsvistar ákærða frá refsingu hans er staðfest, enda tengist vistun hans í Gunnarsholti frá 24. nóvember 1971 til 12. janúar 1972 eigi við rannsókn þeirra mála á hendur ákærða, sem hér eru til úrlausnar, og á 76. gr. almennra hegningarlaga því eigi við.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðfinnur Birkir Antonsson, sæti fangelsi 12 mánuði, en frá dragist gæzluvarðhaldsvist hans í 60 daga.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 20.000.00, og laun verjanda síns fyrrr Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. ágúst 1972.

Ár 1972, þriðjudaginn 8. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 347/1972: Ákærvaldið gegn Guðfinni Birki Antonssyni, sem tekið var til dóms 4. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 4. október 1971, gegn Guðfinni Birki Antonssyni verkamanni, Sörlaskjólí 58, nú refsifanga, fæddum á Ísafirði 10. febrúar 1949,

„fyrir fjárdrátt og skjalafals, framin í Reykjavík í júlí 1971.

1. Hinn 24. júlí 1971 keypti ákærði stækkanlegan svefnbekk af Húsgagnaverzlun Þorsteins Sigurðssonar, Grettisgötu 13 í Reykjavík, fyrir kr. 8.900.00. Ekkert greiddi hann af andvirðinu, en samþykkti víxil fyrir kaupverðinu með gjalddaga 1. ágúst 1971. Var svo um samið skriflega, að verzlunin væri eigandi svefnbekkjarins, þar til andvirðið væri að fullu greitt.

Samdægurs fór svo ákærði með svefnbekkinn í fornverzlunina Húsmunaskálann við Klapparstíg og seldi hann þar fyrir kr. 2.000.00, staðgreiðslu.

Þykir ákærði hafa með þessu gerzt sekur um fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Hinn 26. júlí 1971 gerði ákærði samning við Sveinbjörn Mjófjörð Tryggvason, sölumann í bifreiðasöluinni í Höfðatúni 10, um að kaupa af honum bifreið. Skyldi ákærði greiða Sveinbirni Mjófjörð andvirði bifreiðarinnar með tveimur skuldabréfum, hvoru að upphæð kr. 125.000.00, tryggðum með veði í kjallaíbúð í húseigninni Sörlaskjólí 58, eign Valgerðar Sigurðardóttur, sem er móðir ákærða, II. veðrétti og uppfærslurétti, og skyldu bréfin

greiðast að fullu á þremur árum. Skyldi ákærði fá fyrir skulda-
bréfin umrædda bifreið og kr. 100.000.00 að auki, þ. e. a. s. kr.
50.000.00 í peningum strax og síðar kr. 30.000.00 í peningum og
kr. 20.000.00 í víxli.

Ákærði falsaði nú nafn nefndrar móður sinnar sem undirskrift
á bæði veðskuldabréfin, dagsett 26. júlí 1971, sem hann afhenti
bifreiðasalanum, og fékk greiddar kr. 50.000.00, en tók ekki bif-
reiðina. Þessum kr. 50.000.00 eyddi hann síðan næstu daga í áfengi
og ferðalag.

Með því að nota, svo sem sagt hefur verið, hin fölsuðu veð-
skuldabréf þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 155.
gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaða-
bótageiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Málsatvik.

I. Hinn 24. júlí s.l. seldi ákærði fornverzluninni Húsmuna-
skálanum við Klapparstíg svefnbekk fyrir 2.000 kr., en bekk
þennan hafði hann sama dag keypt fyrir 8.700 kr. í Húsgagna-
verzlun Þorsteins Sigurðssonar, Grettisgötu 13, og fengið gjald-
frest á öllu kaupverðinu, og hafði verzlunin áskilið sér eignar-
rétt að bekknum, unz kaupverðið væri að fullu greitt, sbr. 2. gr.
kaupsamnings, er ákærði undirritaði, sbr. og að í 3. gr. sama samn-
ings segir, að kaupanda sé algerlega óheimilt á afborgunartíman-
um að selja gefa eða afhenda samningsmunina.

Samkvæmt vætti Árna Víglundssonar, eiganda Húsmunaskál-
ans, skilaði hann húsgagnaverzluninni svefnbekknum, en verzlun-
in bætti honum tjón hans.

II. Hinn 26. júlí s.l. seldi ákærði Sveinbirni Mjófjörð Tryggva-
sýni sölumanni, Meistaravöllum 17, tvö veðskuldabréf að fjárhæð
kr. 125.000.00 hvort. Veðskuldabréf þessi voru gefin út til hand-
hafa og tryggð með 2. veðrétti í íbúð í kjallara hússins nr. 58 við
Sörlaskjól og með uppfærslurétti næst á eftir 1. veðréttar skuld
kr. 24.000.00. Íbúð þessi er eign móður ákærða, Valgerðar Sig-
urðardóttur, og hafði ákærði útbúið bréfin án vitundar hennar
og falsað nafn hennar undir bæði bréfin. Fyrir bréfin fékk ákærði
kr. 50.000.00 í peningum, að frádregnum kostnaði við þinglýsingu
bréfanna, þ. e. nettó kr. 46.800.00. Enn fremur átti hann að fá
notaða bifreið, er hann tók ekki þegar í vörzlu sína. Síðar átti
hann samkvæmt framburði Sveinbjörns að fá kr. 30.000.00 í pen-
ingum og víxil, kr. 20.000.00. Ákærði kannast hins vegar ekki við
það, að hann hafi átt að fá neitt síðar fyrir bréfin nema bifreiðina.

Ekki kom til þess, að Sveinbjörn greiddi ákærða neitt fyrir bréfin nema áður nefndar kr. 46.800.00.

III. Ákærði á að baki verulegan brotaferil. Hinn 29. ágúst 1969 var ákæru á hendur honum fyrir þjófnað frestað skilorðsbundið 2 ár. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 12. júní 1970 var hann dæmdur í 7 mánaða fangelsi fyrir svik og 3. september sama ár í 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og fjárdrátt. Hinn 15. janúar 1971 var hann með dómi sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd. Þá var hann 8. júlí 1971 dæmdur í 4 mánaða fangelsi fyrir svik. Auk þess hefur hann sætt á greiðslu sekta fyrir áfengislagabrot o. fl.

Grimur Magnússon læknir kannaði geðheilbrigði ákærða vorið 1970, og í skýrslu hans, dags. 3. júní 1970, segir m. a.:

„... Enginn vafi leikur á, að Guðfinnur er haldinn þeirri tegund geðveilu, sem gjarna leiðir til árekstra við umhverfið eða lög og reglur þjóðfélagsins. Og nær þekking okkar í dag ekki til að leysa það vandamál. Er því viðbúið, að honum vaxi ekki ábyrgðartilfinning fyrst um sinn.

Samt sem áður hefur Guðfinnur bæði fullt vit og dómgreind til að skynja og skilja gjörðir sínar og telst því sakhæfur“.

Í sambandi við málssókn þá, sem nú er um að ræða, hefur á ný verið gerð rannsókn á geðheilbrigði ákærða, og gerði hana Jakob Jónasson læknir. Verður hér tekinn upp síðasti hluti skýrslu hans, sem dags. er 1. þ. m.:

„... Guðfinnur er 23 ára gamall maður, grannvaxinn og meðalmaður á hæð, dökkhærður með fölt litarapt, drengjalegur og fremur veiklulegur í útliti og almúgalegur í framkomu og fasi. Framferði hans í heild bar vott um hirðuleysislegt uppeldi og fákunnáttu í almennri háttvísi, og viðmót hans var háð þeim aðstæðum, sem fyrir hendi voru hverju sinni. Í viðtölunum í fangelsinu var hann bljúgur og auðmjúkur og reyndi augsýnilega að slá á viðkvæma strengi. Utan fangelsismúranna var hann öllu frakkari og átti til að skipta um ham á augabragði og sýna frekju og óbilgirni. Frásagnarmáti hans var loðinn og losaralegur, þótt hann væri eðlilegur að formi, og orðaforðinn greinilega mjög takmarkaður, en innihald frásagnarinnar bar ekki vott um neinar ranghugmyndir. Eins og flestir afbrotamenn af þessu tagi, hafði hann tilhneigingu til þess að skella skuldinni á aðra, einkanlega yfirvöldin og þjóðfélagið, þótt hann á hinn bóginn viðurkenndi vankanta sína. Í fangelsinu lagði hann mikla áherzlu á nauðsyn læknismeðferðar sér til handa, þar sem hann taldi afbrot sín og

lyfjaneyzlu eiga sér geðrænar orsakir. Stakk þessi krafa hans mjög í stúf við framferði hans á Kleppsspítalanum, þar sem hann fékk tækifæri til þess að notfæra sér slíka meðferð, svo og ráðningu hans á bátinn í Stykkishólmi og annað atferli hans, eftir að honum var sleppt úr fangelsinu. Í viðtölunum virtist tilfinningalíf hans rista fremur grunnt þrátt fyrir staðhæfingar um hið gagnstæða, t. d. sýndi hann engar geðshræringar í sambandi við hegðun hans gagnvart móður sinni, sem hann viðurkenndi að hafa þrásinnis misþyrmt til þess að hafa út úr henni peninga, veðsett eignir hennar og gert henni margan annan óskunda.

Í samtölunum kvaðst Guðfinnur alltaf hafa þjáðst af minni-máttarkennd og rötleysi í æði og athöfnum. Vanmetakenndin hafði skapað með honum spennu, sem hann hefði reynt að deyta með lyfjum eða áfengi. Hins vegar hefði hann aldrei verið haldinn áberandi kvíða fyrir framtíðinni, þar sem hann væri hvatvís í hátterni og framkvæmdu viðstöðulaust það, sem honum hugkvæmdist.

Hann kvaðst vera skapbráður og hefðu reiðiköst hans einkanlega bitnað á móður hans. Stundum hefði hann fengið krampa í sambandi við reiðiköstin og hefði þá dottið niður og legið stjarfur með fullri meðvitund nokkra stund. Einnig kvaðst hann hafa fengið heilahristing í Stykkishólmi og legið þar 10 daga á sjúkrahúsi af þeim sökum. Hann kvaðst vera viðkvæmur í eðli sínu og fengi stundum þunglyndisköst, en við nánari eftirgrennslan virtist þunglyndi helzt sækja að honum, þegar hann fengi ekki óskum sínum fullnægt samstundis. Hann forðaðist yfirleitt að tala um afbrot sín, afgreiddi þau með yfirborðslegum réttlætningum, eins og t. d. að hann hefði ekki gert sér grein fyrir afleiðingum þeirra eða verið undir áhrifum lyfja við framkvæmd þeirra. Hann kvaðst ekki vera samvitzkulaus, en engin merki um iðrun eða sektarkennd komu fram í samtölunum. Atferli hans utan fangelsismúranna sýndu greinilega laka dómgreind og algert tillitsleysi til þeirra krafna, sem til hans eru gerðar.

Niðurstaða.

Æviferill Guðfinns, klínísk einkenni og sálfræðileg próf (fylgiskjal 2) gefa ótvírætt til kynna, að Guðfinnur er haldinn geðvillu (psychopathia) af þeirri tegund, sem hefir í för með sér andfélagslegar tilhneingingar, eins og afbrotaferill hans ber glögglega vitni. Miklar líkur hníga í þá átt, að geðbrestir hans hafi komið fram þegar í bernsku, þótt umhverfisbreytingin um 8 ára aldurinn hafi sennilega haft mikil áhrif á hann. Hann hefir ekki tekið

uppeldi eins og önnur börn, og hvers konar tilraunir til úrbóta, svo sem umhverfisbreyting, umvandanir, sálfræðileg meðferð o. fl., báru engan árangur. Skapgerð hans hefir smám saman þróast yfir í geðvilluskapgerð fulltíða manns með öllum þeim einkennum, sem þeirri skapgerð fylgja, og frá 12 ára aldri er ævi-ferill hans stráður afbrotum, sem fara í vöxt með aldrinum. Höfuð-einkenni slíkrar skapgerðar eru hömluleysi, sem fram kemur í hvatvíslegum athöfnum án umhugsunar um afleiðingarnar, og valda því oft árekstri við lög og rétt, óhæfi til þess að læra af reynslunni, þolleysi gagnvart öllum verkefnum og tilfinningakuldi gagnvart öðrum mönnum. Þar sem menn með þessa skapgerð eru ekki andlega vanþroska, að því er snertir greind, er gert ráð fyrir í 15. gr. almennra hegningarlaga, að þeir geti stjórnað gerðum sínum á þeim tíma, er þeir vinna verkið. Heilarit sýndi engar vefrænar breytingar í heila.

Ályktun.

Guðfinnur er ekki haldinn geðveiki, andlegum vanþroska eða hrörnun. Hann er afbrigðilegur persónuleiki með gallaða skapgerð og er því sakhæfur.“

Enn fremur gerði Gylfi Ásmundsson sálfræðingur sálfræðilega athugun á ákærða. Niðurstöður í skýrslu hans, dags. 15. júní s.l., eru á þessa leið:

„ . . . Rannsókn sú, sem hér hefur verið gerð á Guðfinni Antonsyni, er mjög ófullkomin vegna þess, hve óaðgengilegur og ósamvinnuþýður hann reyndist. Atferli hans var í góðu samræmi við geðvilltan persónuleika (sociopathic personality). Niðurstöður prófa, sem fyrir liggja, styðja slíka ályktun. Hann virðist meðalgreindur að eðlisfari, en skortir úthald, dómgreind og einbeitingu til að nýta greind sína. Ekkert kom fram, sem benti til vefrænna truflana á taugakerfi, né heldur merki um geðsjúkdóm af alverlegri gerð (psykosis), sem gerði hann ósakhæfan. Sökum skorts á gögnum skulu vefrænar orsakir þó ekki útilokaðar og vísast til heilaafrits og taugaskoðunar til að skera úr um þetta atriði.“

Niðurstöður.

I) Með því að ráðstafa svefnbekk þeim, sem ákærði hafði keypt af Húsgagnaverzlun Þorsteins Sigurðssonar, er hafði áskilið sér eignarrétt að bekknum, unz hann væri greiddur, hefur ákærði brotið gegn 247. gr. alm. hegningarlaga.

II) Með því að nota í lögskiptum tvö skuldabréf, er hann hafði falsað nöfn á, hefur ákærði brotið gegn 155. gr. alm. hegningarlaga.

Samkvæmt þeim gögnum, er fyrir liggja, verður að telja, að ákærði sé sakhæfur, og verður hann því dæmdur til refsingar, og verður hún með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga og af fortíð ákærða ákveðin fangelsi eitt ár.

Ákærði var í gæzluvarðhaldi frá 28. júlí til 26. september 1971 vegna rannsóknar máls þessa. Er samkvæmt 76. gr. hegningarlaga rétt, að vist þessi, 60 dagar, komi refsingu ákærða til frádráttar.

Er gæzluvarðhaldsvist ákærða lauk, hóf hann úttekt 4 mánaða fangelsisrefsingar samkvæmt dómi 8. júlí 1971. Var hann í fangelsi til 24. nóvember, er afplánun var frestað, en ákærði fluttur í gæzluvistarhæli að Gunnarsholti, og mun hann hafa verið þar til 12. janúar, en þá virðist hann hafa verið fluttur á ný í hegningarhúsið í Reykjavík, og var hann þar til 4. febrúar. Af gögnum, sem verjandi ákærða hefur lagt fram, kemur fram, að ágreiningur hefur orðið milli hans og dómismálaráðuneytisins út af vist ákærða að Gunnarsholti. Hefur verjandi haldið því fram, að vist ákærða að Gunnarsholti hafi verið refsivist og hafi honum því verið haldið í hegningarhúsinu í Reykjavík, eftir að lokið var afplánun áðurenfndrar 4 mánaða refsivistar, og því beri í máli þessu að draga frá refsingu ákærða þá daga, sem ákærða hafi verið haldið í fangelsi, eftir að afplánun lauk.

Úr þessum ágreiningi verður ekki að lögum leyst í þessu máli. Mundi breyta lagaheimild til að draga umrædda fangelsisvist frá dæmdri refsingu í þessu máli, jafnvel þótt talið yrði, að vist ákærða á Gunnarsholti skyldi talin refsivist.

Einnig hefur verjandinn krafizt þess, að dreginn verði frá refsingu ákærða sá tími, er hann var ekki frjáls ferða úr borginni vegna geðrannsóknarinnar. Ákærði þurfti að sjálfögðu að koma nokkrum sinnum til fundar við lækni þann og sálfræðing, er rannsókuðu hann, en fráleitt er, að dregið verði af refsivist ákærða fyrir þær sakir. Þess skal getið, að samkvæmt skýrslum læknis og sálfræðings reyndist erfitt að ná ákærða til fundar, og mætti hann ekki á þeim tímum, er honum voru ákveðnir. Gekk af þessum sökum erfiðlega að ljúka rannsóknunum.

Ákærði verður dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dráttur á rekstri máls þessa stafar einvörðungu af því, að skýrsla um geðrannsókn, sem um var beðið 29. október 1971, barst dóminum ekki fyrir en 3. þ. m.

Dómsorð:

Ákærði, Guðfinnur Birkir Antonsson, sæti fangelsi eitt ár. Frá refsingunni skal draga gæzluvarðhaldsvist hans, 60 daga.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. október 1972.

Ár 1972, mánudaginn 16. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 435/1972: Ákærvaldið gegn Guðfinni Birki Antonssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 1. september s.l., gegn Guðfinni Birki Antonssyni, Suðureyri í Súgandafirði, fæddum 10. febrúar 1949 í Reykjavík, fyrir fjársvik, framin í Reykjavík í júlímánuði 1972. Í ákæruskjali er svofelld atvikalýsing og kröfugerð:

„Hinn 24. júlí 1972 auglýsti Björn Þ. Björgvinsson, Garðavegi 13 í Hafnarfirði, í dagblaðinu Vísi eftir íbúð til leigu. Daginn eftir símaði ákærði til Björns og kvaðst geta leigt honum íbúð á Sörlaskjólí 58 í Reykjavík, en vegna fyrirhugaðra lagfæringa yrði hún ekki tilbúin fyrr en um miðjan ágústmánuð. Varð það úr samkvæmt samkomulagi þeirra, að Björn greiddi ákærða kr. 14.000.00 í fyrirframgreiðslu húsaleigu, en það fé kvaðst ákærði ætla að nota til að greiða með kostnað við lagfæringu á íbúðinni.

Ákærði átti ekki íbúð þessa og hafði enga heimild til ráðstöfunar á henni, og voru þessar aðgerðir hans í því skyni gerðar að svíkja út framangreinda peningagreiðslu.

Þykir ákærði hafa með þessu gerzt brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/ 1940, og er þess krafizt, að hann verði dæmdur til refsingar, skaðabótageiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Í máli þessu hefur komið fram, að seint í júlí s.l. fékk ákærði Björn Þ. Björgvinsson, Garðavegi 13, Hafnarfirði, til þess að greiða sér kr. 14.000.00 sem fyrirframgreiðslu fyrir íbúð, er ákærði lofaði að leigja honum í Sörlaskjólí 58. Íbúð þessi er eign móður ákærða, og brast hann algerlega heimild til þess að leigja hana út. Að öðru leyti má vísa að öllu leyti til atvikalýsingar ákæruskjals.

Ákærði hefur samkvæmt þessu vakið ranga hugmynd hjá Birni,

að því er varðar heimild ákærða til að leigja út íbúð móður ákærða, og þannig haft af honum kr. 14.000.00 og gerzt brotlegur við 248. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði á verulegan sakaferil að baki. Hinn 29. ágúst 1969 var ákæru á hendur honum fyrir skjalafals frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum refsíðómum:

1970 12/6 7 mánaðafangelsi fyrir tékkasvik.

— 3/9 4 mánaða fangelsi fyrir fjárdrátt og þjófnað.

1971 15/1 sakfelldur fyrir þjófnað, refsing ekki dæmd.

— 8/7 4 mánaða fangelsi fyrir fjársvik.

1972 8/8 1 árs fangelsi fyrir skjalafals og fjárdrátt.

Ákærði hefur auk þess sætt á greiðslu sekta fyrir áfengislagabrot o. fl.

Geðheilbrigði ákærða hefur verið dregin í efa, og hefur tvívegis verið gerð geðrannsókn á ákærða. Í fyrra skiptið var það í sambandi við mál það, sem lauk með dómi 12. júní 1970. Þá rannsókn gerði Grímur Magnússon læknir, og segir svo í niðurlagi skýrslu hans, sem dagsett er 3. júní 1970:

„Enginn vafi leikur á, að Guðfinnur er haldinn þeirri tegund geðveilu, sem gjarnan leiðir til árekstra við umhverfið eða lög og reglur þjóðfélagsins. Og nær þekking okkar í dag ekki til að leysa það vandamál. Er því viðbúið, að honum vaxi ekki ábyrgðartilfinning fyrst um sinn.

Samt sem áður hefur Guðfinnur bæði fullt vit og dómgreind til að skynja og skilja gjörðir sínar og telst því sakhæfur.“

Hinn 29. október 1971 var Jakob Jónassyni, sérfræðingi í tauga- og geðsjúkdómum, falið að rannsaka geðheilbrigði ákærða á ný. Skýrsla hans er dagsett 1. ágúst s.l. Niðurstöðukafli skýrslunnar er á þessa leið:

„Æviferill Guðfinns, klínísk einkenni og sálfræðileg próf (fylgiskjal 2) gefa ótvírætt til kynna, að Guðfinnur er haldinn geðvillu (psychopathia) af þeirri tegund, sem hefir í för með sér andfélagslegar tilhneigingar, eins og afbrotaferill hans ber glögglega vitni. Miklar líkur hníga í þá átt, að geðbrestir hans hafi komið fram þegar í bernsku, þótt umhverfisbreytingin um 8 ára aldurinn hafi sennilega haft mikil áhrif á hann. Hann hefir ekki tekið uppeldi eins og önnur börn, og hvers konar tilraunir til úrbóta, svo sem umhverfisbreyting, umvandanir, sálfræðileg meðferð o. fl., báru engan árangur. Skapgerð hans hefir smám saman þróast yfir í geðvilluskapgerð fulltíða manns með öllum þeim einkennum, sem þeirri skapgerð fylgja, og frá 12 ára aldri er ævi-

ferill hans stráður afbrotum, sem fara í vöxt með aldrinum. Höf-
uðeinkenni slíkrar skapgerðar er hömluleysi, sem fram kemur í
hvatvíslegum athöfnum án umhugsunar um afleiðingarnar og
valda því oft árekstri við lög og rétt, óhæfi til þess að læra af
reynslunni, þolleysi gagnvart öllum verkefnum og tilfinninga-
kuldi gagnvart öðrum mönnum. Þar sem menn með þessa skap-
gerð eru ekki andlega vanþroska, að því er snertir greind, er gert
ráð fyrir í 15. gr. almennra hegningarlaga, að þeir geti stjórnað
gerðum sínum á þeim tíma, er þeir vinna verkið. Heilarit sýndi
engar vefrænar breytingar í heila.

Ályktun.

Guðfinnur er ekki haldinn geðveiki, andlegum vanþroska eða
hrörnun. Hann er afbrigðilegur persónuleiki með gallaða skap-
gerð og er því sakhæfur“.

Enn fremur gerði Gylfi Ásmundsson sálfræðingur sálfræðilega
athugun á ákærða. Niðurstöður í skýrslu hans, dags. 15. júní s.l.,
eru á þessa leið:

„... Rannsókn sú, sem hér hefur verið gerð á Guðfinni Antons-
syni, er mjög ófullkomin vegna þess, hve óaðgengilegur og ósam-
vinnuþýður hann reyndist. Atferli hans var í góðu samræmi við
geðviltan persónuleika (sociopathic personality). Niðurstöður
prófa, sem fyrir liggja, styðja slíka ályktun. Hann virðist meðal-
greindur að eðlisfari, en skortir úthald, dómgreind og einbeitingu
til að nýta greind sína. Ekkert kom fram, sem benti til vefrænna
truflana á taugakerfi, né heldur merki um geðsjúkdóm af alvar-
legri gerð (psykosis), sem gerði hann ósakhæfan. Sökum skorts
á gögnum skulu vefrænar orsakir þó ekki útilokaðar, og vísast
til heilaafrits og taugaskoðunar til að skera úr um þetta atriði“.

Brot það, sem ákærði er nú saksóttur fyrir, er framið, áður en
síðasti refsíðómur ákærða er kveðinn upp. Er því rétt samkvæmt
78. gr. alm. hegningarlaga að dæma honum hegningarauka, er
verður ákveðinn fangelsi 60 daga.

Eftir kröfu Björns Björgvinssonar verður ákærði dæmdur til
þess að greiða honum kr. 14.000.00.

Loks verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðfinnur Birkir Antonsson, sæti fangelsi 60 daga.

Ákærði greiði Birni Björgvinssyni kr. 14.000.00.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.